



Efni: Breytingatillögur við Hvítbók um byggðaáætlun

Menningarfulltrúar landshlutanna fagna þeirri vinnu og endurskoðun sem nú fer fram vegna Hvítbókar um byggðaáætlun. Áherslur og aðgerðir koma skýrt fram og efnið er vel upp sett.

Samt sem áður eru það vonbrigði hvað menningarmál eru fyrirferðarlítill og skora undirrituð á að þar verði gerðar úrbætur. Á fundi menningarfulltrúa landshlutanna í Reykjanesbæ 21. maí 2021, var samþykkt að senda inn eftirfarandi tillögur að breytingum á *Hvítbók um byggðaáætlun* sem nú er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda:

A. JAFNA AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU

Áhersla sem er núna í Hvítbók

A.n) Háskólar leggi áherslu á aukið framboð náms í fjar- og dreifnámi og efli samstarf sín á milli, m.a. um sameiginlegar prófgráður og svæðisbundnar lausnir.

Tillaga að aðgerð

A.18 Framboð náms

Samstarf háskóla við mennta- og menningarstofnanir á landsbyggðinni verði aukið.

Stutt lýsing:

Verkefnið felur í sér að í boði verði fleiri námsleiðir, t.d. í gegnum fjarkennslu og staðbundin námstilboð. Einnig verði lögð áhersla á að efla samstarf háskóla og mennta-, menningar- og þekkingarstofnana á landsbyggðinni um áhugaverð verkefni og aðstöðu fyrir masters- og doktorsnema.

Ábyrgðarráðuneyti: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Framkvæmdaaðili: Háskóli Íslands og Listaháskóli Íslands

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga og þekkingarsetur

Tímabil: 2021-2026

Áhersla í Hvítbók

Al: Íbúar landsins, ekki síst börn og ungmenni, hafi aðgang að menningu, listum, íþróttum og öðrum tómstundum óháð búsetu og efnahag

Tillaga að aðgerð.

A.19 Fræðslustarf menningarstofnana á landsbyggðinni

Markmið: Menningarmiðstöðvar, söfn, setur, sýningar og sambærilegar stofnanir um allt land vinni sérstaka fræðsluáætlun ætlaða börnum og ungmennum og útbúi fræðsluefni til miðlunar óháð búsetu.

Stutt lýsing:

Landshlutasamtök sveitarfélaga á landsbyggðinni tilgreini sértæk menningarverkefni sem styðja við ofangreind markmið og áherslur. Verkefnin verði unnin í samstarfi við ofangreinda aðila og eftir atvikum í samstarfi milli landshlutasamtaka og í samræmi við stefnur landshlutasamtaka í menningarmálum, s.s. sóknaráætlanir landshluta.

Ábyrgðarráðuneyti: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Framkvæmdaaðili: Landshlutasamtök sveitarfélaga, menningarmiðstöðvar, söfn, setur og sýningar á landsbyggðinni

Dæmi um samstarfsaðila: Safnaráð Íslands og menntastofnanir

Tímabil: 2022-2023

C. STUÐLA AÐ SJÁLFBÆRNI BYGGÐA UM LAND ALLT

Tillaga að áherslu

Áhersla í Hvítbók

C.p) Menning og listir verði nýttar til heilsueflingar í öllum landshlutum.

Tillaga að aðgerð

C.16 Samhengi menningar og lýðheilsu

Gerð verði greining á stöðu menningar og lista í samhengi við heilsu og heilsueflingu í öllum landshlutum. Í framhaldi af því verði unnin áætlun/stefna um eflingu lýðheilsu með meiri og markvissari þátttöku í listum og menningu.

Stutt lýsing:

Við mótun svæðisbundinna lýðheilsuvísa verði settir inn vísar sem tengjast menningu og listum. Við endurskoðun á verkefninu “Heilsueflandi samfélag” verði tekið mið af mikilvægi menningar í lýðheilsu og aðgerðir mótaðar þar um í samstarfi við heilbrigðisstofnanir landshluta.



Ábyrgðarráðuneyti: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti og Félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Embætti landlæknis

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga og heilbrigðisstofnanir

Tímabil: 2021-2026

Tillaga að áherslu

C.q) Rannsóknir á hagrænum og samfélagslegum áhrifum menningar og lista á landsbyggðinni verði eflar og niðurstöðurnar nýttar sem grundvöllur að markvissum stuðningi til málaflokksins.

Tillaga að aðgerð.

C.17 Rannsóknarsetur skapandi greina

Stofnað verði Rannsóknarsetur skapandi greina (RSG) sem mun stunda rannsóknir á hagrænum áhrifum menningar á landinu öllu. Það hallar verulega á úthlutun listamannalauna til landshlutanna miðað við höfuðborgarsvæðið. Jafnframt verði hlutverk RSG að greina og koma með tillögur til úrbóta sem leiðréttu þennan halla.

Stutt lýsing:

Verkefnið felur í sér að gerð verði athugun á hagrænum áhrifum menningar og lista á landinu öllu með sértsakri áherslu á byggðaþróun á landsbyggðinni. Með stofnun Rannsóknarseturs skapandi greina skapast vettvangur til rannsókna á þessari verðmætasköpun og hvernig hún mun hafa áhrif á menningu og atvinnuþróun landsbyggðarinnar.

Ábyrgðarráðuneyti: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Framkvæmdaaðili: Háskólinn á Bifröst

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga, Listaháskóli Íslands og Hönnunarsmiðstöð Íslands

Tímabil: 2021-2026



Virðingarfyllst,

Björk Guðjónsdóttir

Verkefnastjóri menningarmála
Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja

Ingibergur Guðmundsson

Verkefnisstjóri Sóknaaráætlunar
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Logi Gunnarsson

Verkefnastjóri
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Signý Ormarsdóttir

Yfirverkefnastjóri Austurbrú

Sigursteinn Sigurðsson

Menningarfulltrúi Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skúli Gautason

Menningarfulltrúi Vestfjarða Vestfjarðarstofa

Vigdís Rún Jónsdóttir

Menningarfulltrúi SSNE
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Þórður Freyr Sigurðsson

Sviðsstjóri þróunarsviðs
Samtök sunnlenskra sveitarfélag

